

A man with short grey hair and a beard, wearing a dark turtleneck sweater, is shown in profile from the chest up, looking towards the right. In the background, a large circular diagram is displayed on a wall. The diagram consists of numerous thin, colorful lines (yellow, blue, pink, green) that form a complex, web-like structure, resembling a fiber optic network or a complex graph. The lines are arranged in a circular pattern, with many lines connecting different points around the perimeter and across the interior.

Ársreikningur 2023  
**Ljósleiðarinn ehf.**

Kt. 691206-3780  
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík



**LJÓSLEIÐARINN**

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	8
Rekstrarreikningur	11
Yfirlit um heildarafkomu	12
Efnahagsreikningur	13
Eiginfjáryfirlit	14
Sjóðstreymisyfirlit	15
Skýringar	16

Ljósleiðarinn leggur sérstaka áherslu á þessi  
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni:




# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ljósleiðarinn ehf. er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, laga um fjarskipti nr. 81/2003 og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan) sem dótturfélag Orkuveitunnar, sbr. 2. gr. laganna. Félagið er alfarið í eigu Orkuveitunnar og engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Ljósleiðarinn ehf. leggur og rekur víðfeðmt ljósleiðarannet sem nýtt er af fjarskiptafyrirtækjum til að veita netþjónustu til heimila, fyrirtækja og stofnanna. Megin starfssvæði Ljósleiðarans er á suðvestur horni landsins. Styrkur félagsins er fólgin í fólkinu sem þar starfar og félagið leggur mikið upp úr öryggi og góðri þjónustu.

Yfirlitsmyndin að neðan sýnir starfsemi samstæðu Orkuveitunnar. Nánar er fjallað um virðiskeðju Orkuveitu samstæðunnar og hagsmunaaðila að henni í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðureikningi Orkuveitunnar. Þar er einnig fjallað um ófjárhagslega þætti; umhverfis- og loftslagsmál, samfélagsleg mál og stjórnhætti í samstæðunni. Enn ítarlegri umfjöllun um þá þætti má finna í stjórnháttaköflum Ársskýrslu Orkuveitunnar 2023. Hún er rafræn á slóðinni [arskskrsla2023.or.is](https://arskskrsla2023.or.is) og þar er einnig að finna skýrsluna á pdf-sniði.



## Fjárhagslegar niðurstöður 2023

Tap af rekstri Ljósleiðarans ehf. á árinu 2023 nam 570 milljónum kr. (2022: 87 milljónir kr. tap). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 37.214 milljónum kr. (31.12.2022: 33.389 milljónir kr.). Eigið fé nam 12.904 milljónum kr. í árslok (31.12.2023: 13.475 milljónir kr.) og var eiginfjárlutfall félagsins 34,7% (31.12.2022: 40,4%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2023 er 47,1 (2022: 43,8 ársverk).

Stjórn Ljósleiðarans leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til eiganda á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.


# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

## Stjórn og stjórnhættir

Stjórnhættir Ljósleiðarans eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðeild, gagnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Á grunni laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur gerðu eigendur með sér sameignarsamning, sem skýrir nánar ábyrgð og valdmörk. Hann er aðgengilegur á vef Orkuveitunnar eins og Eigendastefnan þar sem áherslur eigenda um starfshætti í samstæðunni eru skýrðar. Á árinu 2022 setti Reykjavíkurborg sér eigendastefnu, sem segir til um hvernig Reykjavíkurborg hyggst ganga fram gagnvart fyrirtækjum í sinni eigu. Stefnan mun leiða til breytinga á Eigendastefnu Orkuveitunnar. Áherslubreytingar með nýrri Heildarstefnu Orkuveitunnar kunna einnig að leiða til breytinga á Eigendastefnunni.

Siðareglur Ljósleiðarans, sem byggjast á siðareglum Orkuveitunnar byggja á heiðarleika, sem er eitt af gildum Ljósleiðarans. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eiga að hjálpa starfsfólki að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll samskipti hvort sem er við viðskiptavini, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Siðareglurnar eru ekki tæmandi og leysa þau sem þær ná til ekki undan þeirri ábyrgð að reiða sig á eigin samvisku þegar siðferðileg álitamál koma upp.

Starfsreglur stjórnar Ljósleiðarans taka mið af siðareglunum, Leiðbeiningum um stjórnhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf. og Samtökum atvinnulífsins og handbók stjórnarmanna, útgefni af KPMG. Starfsreglur stjórnar Ljósleiðarans eru aðgengilegar á vef félagsins [www.ljosleidarinn.is](http://www.ljosleidarinn.is). Í ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur 2023 er nánar fjallað um stjórnhætti í skýrslu stjórnar og forstjóra og áhættustýringu í skýringum nr. 28-33



Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn félagsins skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Að minnsta kosti þrjú aðalmanna ásamt varamönnum skulu vera starfsfólk samstæðu Orkuveitunnar. Stjórnarfólk skal hafa staðgóða menntun sem nýtist í starfi, og hafa reynslu og þekkingu á starfssviði félagsins. Stjórn skal sjálf skipta með sér verkum.

Í stjórn Ljósleiðarans ehf. í árslok 2023 voru:

- Birna Bragadóttir, forstöðukona Elliðaárstöðvar, formaður.
- Áslaug Árnadóttir, hæstaréttarlögmaður.
- Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur á fjármálasviði Orkuveitunnar.
- Gunnar Ingvi Þórisson, framkvæmdastjóri og netsérfræðingur.
- Pálmi Símonarson, sérfræðingur í viðskiptagreind hjá Orkuveitunnar.

Framkvæmdastjóri er Einar Þórarinsson, tölvunarfræðingur.

Endurskoðunarnefnd fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd Ljósleiðarans og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitunnar. Ákvæði þessa efnis koma einnig fram í 9. gr. sameignarsamnings Orkuveitunnar.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

---

## Stjórn og stjórnhættir, frh.

Endurskoðunarnefnd Ljósleiðarans skipa eftirtalin:

- Lárus Finnbogason, formaður.
- Einar Sveinn Hálfðánarson.
- Sigrún Guðmundsdóttir.
- Sunna Jóhannsdóttir - samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Varamenn í endurskoðunarnefnd í árslok eru:

- Danielle Pamela Neben
- Páll Grétar Steingrímsson
- Ólafur Kristinsson

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Ljósleiðarans og starfar í umboði hennar. Markmið með skipan endurskoðunarnefndar er að bæta starfshætti í málum er snúa að fjárhagslegu eftirliti. Fjallað er um verkefni endurskoðunarnefnda í IX. kafla A í lögum um ársreikninga.

Lögbundin verkefni endurskoðunarnefnda eru eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Endurskoðunarnefnd Ljósleiðarans fylgist með stjórnháttum, virkni áhættustýringar og innra eftirliti með því að yfirfara og afgreiða innri endurskoðunaráætlun en það er stór hluti af verkefnum innri endurskoðunar að hafa eftirlit með og kanna virkni áhættustýringar og virkni innra eftirlits. Á fundi nefndarinnar þann 12. desember 2022 fékk nefndin innri endurskoðunaráætlun fyrir tímabilið 2023 –2024 til umfjöllunar og vísaði henni til stjórnar Ljósleiðarans til samþykktar. Innri endurskoðunaráætlun 2023 – 2024 var samþykkt í stjórn Ljósleiðarans 16. desember 2022.

Á starfsárinu, sem náði frá ágúst 2022 til júní 2023, vann nefndin að útboði ytri endurskoðunar. Samningur við ytri endurskoðendur félagsins, Grant Thornton endurskoðun ehf., var til fimm ára og náði til árána 2018-2022, að báðum árum meðtöldum. Vinna við útboð ytri endurskoðunar hófst hjá nefndinni í september 2022 og lauk í maí 2023 með því að nefndin gerði tillögu um að lægst bjóðandi Grant Thornton endurskoðun ehf. yrði valinn endurskoðandi félagsins til a.m.k. næstu fimm ára, þ.e. árána 2023-2027. Tillagan var samþykkt á eigendafundi Orkuveitunnar 30. maí 2023 með vísan til afgreiðslu málsins á aðalfundi, sem haldinn var 26. apríl 2023.

Nefndin fer yfir og fær kynningu á endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda en við gerð áætlunarinnar er lagt mat á áhættu- og óvissupætti í starfsemi félagsins. Hluti af verkefnum ytri endurskoðenda er að leggja mat á innra eftirlit sem tengist reikningsskilagerð félagsins. Endurskoðunarnefnd fylgist með framgangi endurskoðunarinnar, fer yfir niðurstöður ytri endurskoðenda og gerir stjórn Ljósleiðarans grein fyrir umsögn sinni um ársreikning. Nefndin tekur til umfjöllunar skýrslur innri og ytri endurskoðanda og fylgir nefndin sérstaklega eftir afdrifum ábendinga þeirra sem varða innra eftirlit.

Hjá Ljósleiðaranum er skráð verklag um meðferð mála þegar ætla má að starfsmaður eða stjórnandi hafi brotið gegn reglum fyrirtækisins eða hafi orðið uppvís að sviksemi í starfi. Vakni grunur um brot ber að tilkynna það næsta yfirmanni eða innri endurskoðanda fyrirtækisins sem ber að upplýsa um það en gæta trúnaðar við meðferð slíkra upplýsinga, þar með talið að gæta leyndar um nafn tilkynnanda. Ekkert tilvik var um það á árinu 2023 að grunur vaknaði um sviksemisbrot. Ytri aðilar veita gæðakerfi Ljósleiðarans óháða vottun.



# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

---

## Árangur og óvissupættir 2023

Uppbygging fjarskiptakerfis Ljósleiðarans á árinu 2023 var einkum á Suðurnesjum og í Árborg auk þess sem tengdar voru nýbyggingar í þeim sveitarfélögum sem kerfi fyrirtækisins náði þegar til. Uppbyggingin var í samræmi við áætlanir.

Þann 30. júní 2023 óskaði Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri Ljósleiðarans, eftir því við stjórn félagsins að láta af störfum. Stjórn Ljósleiðarans réði Einar Þórarinnsson í starf framkvæmdastjóra en Einar býr yfir rúmlega tuttugu ára reynslu sem stjórnandi. Hann hefur meðal annars unnið hjá Sidekick Health, Advania og Vodafone.

Ljósleiðarinn hefur farið fram á að ákvörðun Fjarskiptastofu frá árinu 2018 verði staðfest, þ.e. það verði viðurkennt að Síminn hafi brotið gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga með því að gera ólínulega myndmiðlun sjónvarpsefnis fjölmiðlaveitu Símans einungis mögulega með því að tengjast IPTV-kerfi Símans og jafnframt aðeins yfir fjarskiptanet Mílu hf., þá dótturfélags Símans. Áætluð aðalmeðferð í málinu er í upphafi árs 2024., sjá nánar skýringu 20 í ársreikningi félagsins.

Markaðsáhætta Ljósleiðarans jókst þegar nýr erlendur fjárfestir kom á íslenskan fjarskiptamarkað, en markaðurinn hefur þróast í átt aukinnar samþjöppunar, einkum á þeim heildsölumarkaði sem Ljósleiðarinn starfar á. Fyrirtækið brást með ýmsum hætti við þessu og á árinu 2023 eru þessir áfangar helstir:

- Samkeppniseftirlitið heimilaði kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar án skilyrða. Samhliða kaupsamningi var gerður þjónustusamningur milli félaganna til 12 ára um heildsöluaðgang og þjónustu yfir burðar- og aðgangsneta Ljósleiðarans, sem og þjónustu um nettengingar til útlanda. Afhending stofnnetsins fór fram 4. október 2023.
- Á árinu fékk Ljósleiðarinn viðurkenninguna *European Broadband Awards* frá Evrópuráðinu.
- Öllum þeim sem geta tengst Ljósleiðaranum gefst nú tækifæri á tengjast með 10 gígabita hámarkshraða.
- Eigendur Orkuveitunnar og þar með Ljósleiðarans ehf. hafa samþykkt að auka hlutfé félagsins og bjóða nýjum hluthöfum það til kaups. Í september 2023 samþykkti hluthafafundur Ljósleiðarans að hækka hlutfé í félaginu um allt að 3.249.999.513 nýja hluti, sem hver og einn skal vera 1 króna að nafnverði eða um sem svarar til 33,33% hlutfjár félagsins eftir hækkunina.

Í tengslum við undirbúning hlutfjár aukningar Ljósleiðarans óskaði stjórn eftir athugun innri endurskoðunar á meðferð viðkvæmra trúnaðarupplýsinga sem Ljósleiðarinn hafði afhent stjórn Orkuveitunnar sem síðar rötuðu í fjölmiðla. Skýrsla innri endurskoðanda, með athugasemdum og tillögum, var lögð fyrir stjórnina í desember 2023. Þá þegar hafði verið bætt úr hluta þeirra athugasemda sem komu fram í skýrslunni en vinna við aðrar útbætur er yfirstandandi.

Loftslagsvá sem kann að steðja að Ljósleiðaranum, búnaði hans eða rekstri, er almenn og ekki hafa verið borin kennsl á neina sérstaka áhættuþætti í rekstri fyrirtækisins tengdri breytingum á loftslagi. Kolefnisspor Ljósleiðarans er einkum af verklegum framkvæmdum, þ.e. kaupum á búnaði og þjónustu verktaka við lagningu strengja.

Mikil óvissa er í tengslum við þær jarðhræringar sem hafa verið í Grindavík og ekki sér fyrir endann á. Ekki hefur verið tilkynnt um tjón á lögnum og ljósleiðurum á svæðinu, en aðal óvissan er um hvort áfram verði búið í Grindavíkurbæ og þar með hvert tekjastreymi verði af fjárfestingunni á næstu árum. Einnig liggur ljósleiðarastrengur frá Suðurlandi meðfram strandlengjunni og því hætta á tjóni ef eldsumbrot og hraunflæði fara yfir þá leið.

Ljósleiðarinn hefur með fjárfestingum síðustu ára skapað sér stöðugan og breiðan tekjugrunn. Verkefni stjórnar og framkvæmdarstjóra er að tryggja hagkvæma langtíma fjármagnsskipan félagsins til að styðja við áframhaldandi hagkvæma uppbyggingu og rekstur ljósleiðarakerfisins.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

---

## Árangur og óvissupættir 2023, frh.

Í október 2023 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaup félagsins á stofnneti Sýnar. Sú fjárfesting nam samtals um 2,9 ma. kr. og kemur að fullu inn í ársreikning 2023. Það er ljóst að félagið þarf nýtt fjármagn til að styðja við þann vöxt sem er áætlaður í framhaldi kaupanna. Félagið vinnur að því að fá nýja hluthafa inn en komi til þess að hlutafjárukningin, sem samþykkt hefur verið, gangi ekki eftir eða dragist á langinn hefur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur lýst því yfir að félagið muni auka hlutafé sitt í Ljósleiðaranum á markaðsvirði til að tryggja áframhaldandi rekstur og til að verja hagsmuni sína, sjá nánari útlitun í skýringu 20.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Ljósleiðarans er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ljósleiðarans ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023.

Reykjavík, 28. febrúar 2024

Í stjórn félagsins:

*Birna Bragadóttir*  
*Áslaug Árnadóttir*  
*Gísli Björn Björnsson*  
*Gunnar Ingví Þórisson*  
*Pálmi Símonarson*

Framkvæmdastjóri:

*Einar Þórarinsson*

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Ljósleiðarans ehf.

## Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Ljósleiðarans ehf. („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og íslensk lög og reglur um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýrslu stjórnar og skýringu nr. 20 í ársreikningnum um rekstrarhæfi. Félagið vinnur nú að því að fá nýtt fjármagn inn í reksturinn til að styðja við vöxt sem áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir. Ef sú vinna dregst á langinn mun móðurfélagið, Orkuveita Reykjavíkur, auka við hlut sinn á markaðsvirði til að tryggja áframhaldandi rekstur.

## Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

### Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

### Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Mat ljósleiðarakerfis

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 21 (d) bls. 30 og skýringu 8 á bls. 18:

Við höfum skilgreint mat ljósleiðarakerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2023. Ljósleiðarakerfi eru metin útfrá afskrifuðu endurstofnsverði.

Það felur í sér að lagt er mat á breytingu byggingarkostnaðar samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar eru endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Ljósleiðarinn framkvæmir virðisrýrnunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýrnun á eignarnar ef niðurstaðan er sú að núvirt framtíðarsjóðstreymi eignanna er lægra en bókfært virði þeirra. Einnig getur endurmat eignanna aldrei orðið hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi þeirra.

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á ljósleiðarakerfa og samkvæmni þess við lög og reglur.

Við fórum yfir ferli við endurmatið og virðisrýrnunarpróf. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem notast er við matið.

Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði við opinberar upplýsingar þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur byggja ekki á opinberum upplýsingum lögðum við sjálfstætt mat á forsendur stjórnenda.

Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.



# Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

## Megináherslur við endurskoðunina, frh.

### Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

### Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Forsendur sem notaðar eru við endurmatið og virðisrýrnunarprófið byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglægar. Þar sem eignfærð ljósleiðarakerfi eru verulegur liður í ársreikningnum getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m. árskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðrar stjórnarháttayfirlýsingar samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hættu starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.

# Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

---

## Ábyrgð endurskoðanda, frh.

- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álitum okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn Ljósleiðarans ehf. og endurskoðunarnefnd félagsins meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Ljósleiðaranum ehf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent endurskoðunarnefnd yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Við vorum endurkjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 26. apríl 2023 en þetta er sjötta samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 28. febrúar 2024.

*Davíð Arnar Einarsson,*

löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur .....	3	4.348.745	3.845.478
Laun og launatengd gjöld .....	4	( 500.258)	( 267.160)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 1.013.562)	( 864.757)
Einskiptiskostnaður stofnnets .....		( 106.917)	0
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b> .....		<u>( 1.620.737)</u>	<u>( 1.131.918)</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b> .....		<u>2.728.008</u>	<u>2.713.560</u>
Afskriftir .....		( 1.659.666)	( 1.413.307)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....		<u>1.068.342</u>	<u>1.300.253</u>
Vaxtatekjur .....		28.304	22.919
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 1.808.425)	( 1.427.185)
Gengismunur .....		( 869)	( 4.742)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....	7	<u>( 1.780.990)</u>	<u>( 1.409.008)</u>
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b> .....		( 712.648)	( 108.755)
Tekjuskattur .....	6	<u>142.525</u>	<u>21.747</u>
<b>Tap ársins</b>		<u><u>( 570.123)</u></u>	<u><u>( 87.008)</u></u>

Skýringar á bls. 16-34 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Yfirlit um heildarafkomu 2023

---

	Skýr.	2023	2022
(Tap) ársins .....		( 570.123)	( 87.008)
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
<b>Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstarreikning</b>			
Endurmat, hækkun .....	8	0	2.758.613
Tekjuskattur af endurmati .....	16	0	( 551.723)
		<u>0</u>	<u>2.206.890</u>
Önnur heildarafkoma eftir skatta .....		<u>0</u>	<u>2.206.890</u>
Heildarafkoma .....		<u>( 570.123)</u>	<u>2.119.883</u>

Skýringar á bls. 16-34 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

		2023	2022
	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	33.050.074	31.832.586
Óefnislegar eignir .....	9	2.507.590	0
Leigueign .....	11	770.800	630.269
Fastafjármunir samtals		<u>36.328.464</u>	<u>32.462.855</u>
Birgðir .....		25.954	0
Viðskiptakröfur .....	12	648.462	426.629
Aðrar skammtímakröfur .....	12	154.953	90.069
Lausafé í ávöxtun .....	13	0	368.290
Handbært fé .....	13	56.252	41.167
Veltufjármunir samtals		<u>885.621</u>	<u>926.156</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>37.214.085</u></u>	<u><u>33.389.011</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		6.500.000	6.500.000
Endurmatsreikningur .....		5.458.461	5.682.251
Lögbundinn varasjóður .....		135.111	135.111
Ójafnað eigið fé .....		810.903	1.157.237
<b>Eigið fé samtals</b>	14	<u>12.904.475</u>	<u>13.474.598</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	15	17.965.554	16.004.005
Tekjuskattsskuldbinding .....	16	1.695.547	1.838.073
Leiguskuld .....	11	712.971	592.908
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>20.374.073</u>	<u>18.434.986</u>
Viðskiptaskuldir .....	17	360.321	316.115
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda .....	15	996.934	636.920
Næsta árs afborgun leiguskulda .....	11	112.387	79.112
Aðrar skammtímaskuldir .....	17	2.465.896	447.280
Skammtímaskuldir samtals		<u>3.935.537</u>	<u>1.479.427</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>24.309.610</u>	<u>19.914.412</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>37.214.085</u></u>	<u><u>33.389.011</u></u>

Skýringar á bls. 16-34 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



# Eiginfjáryfirlit 2023

	Hlutfé	Sérstakur endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Samtals eigið fé
<b>1.1.-31.12. 2023</b>					
Eigið fé 1. janúar 2023 .....	6.500.000	5.682.251	135.111	1.157.237	13.474.598
Innlausn endurmats vegna afskrifta .....		( 279.737)		279.737	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats ....		55.947		( 55.947)	0
Tap tímabilsins .....				( 570.123)	( 570.123)
Eigið fé 31. desember 2023 .....	6.500.000	5.458.461	135.111	810.903	12.904.475
<b>1.1.-31.12. 2022</b>					
Eigið fé 1. janúar 2022 .....	6.500.000	3.626.615	135.111	1.092.991	11.354.716
Sérstakt endurmat hækkun .....		2.758.613			2.758.613
Tekjuskattsáhrif af endurmati .....		( 551.723)			( 551.723)
Innlausn endurmats vegna afskrifta .....		( 189.068)		189.068	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats ....		37.814		( 37.814)	0
Tap tímabilsins .....				( 87.008)	( 87.008)
Eigið fé 31. desember 2022 .....	6.500.000	5.682.251	135.111	1.157.237	13.474.598

Skýringar á bls. 16-34 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Sjóðstreymisýfirlit 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....	(	570.123)	( 87.008)
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	7	1.780.990	1.409.008
Tekjuskattur .....	6 (	142.525)	( 21.747)
Afskriftir .....		1.659.666	1.413.307
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.728.008	2.713.560
Birgðir, lækkun .....	(	25.954)	0
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....	(	286.717)	11.483
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		218.848	( 23.035)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.634.185	2.702.008
Innborgaðar vaxtatekjur .....		28.304	22.919
Greidd vaxtagjöld .....	(	954.480)	( 680.260)
Greiddir skattar .....		0	( 18.760)
Handbært fé frá rekstri		1.708.009	2.025.906
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(	2.817.237)	( 2.640.159)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	690.000)	0
Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum, breyting .....		368.290	227.972
Fjárfestingarhreyfingar	(	3.138.947)	( 2.412.188)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborgun lána við lánastofnanir .....	(	5.208.867)	( 2.078.469)
Afborgun leiguskulda .....	(	56.235)	( 45.915)
Tekin ný langtímalán .....		6.711.178	2.519.263
Fjármögnunarhreyfingar		1.446.076	394.879
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		15.138	8.598
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		41.167	32.501
Gengismunur handbærs fjár .....	(	53)	68
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		56.252	41.167
<b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		58.846	( 40.682)
Skammtímaskuldir, breyting .....	(	58.846)	40.682
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	1.869.000)	0
Skammtímaskuldir, breyting .....		1.869.000	0
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....		1.768.012	2.020.073
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Tap ársins .....	(	570.123)	( 87.008)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir .....		1.659.666	1.413.307
Verðbætur langtímalána .....		820.941	715.589
Tekjuskattsskuldbinding .....	(	142.525)	( 21.747)
Gengismunur af handbæru fé .....		53	( 68)
Veltufé frá rekstri .....		1.768.012	2.020.073

Skýringar á bls. 16-34 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

Ljósleiðarinn ehf. "félagið" er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið rekur fjarskiptakerfi til gagnaflytninga og er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur(Orkuveitan) og er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitunnar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Fjallað er um reikningsskilaaðferðir félagsins í skýringu 21 með ársreikning 2023.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 28. febrúar 2024.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýringu 8 um varanlega rekstrarfjármuni. Einnig er í skýringu 16 umfjöllun um mat á tekjuskattsskuldbindingu félagsins.

# Skýringar

## 3. Sala

	2023	2022
Seld þjónusta og vörur greinast þannig:		
Aðgangsnét .....	3.390.868	2.999.311
Stofnnet .....	777.640	593.378
Sala á vöru og þjónustu .....	180.237	252.788
	<u>4.348.745</u>	<u>3.845.478</u>

## 4. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
Laun .....	729.924	581.339
Mótframlag í lífeyrissjóði .....	95.538	78.198
Önnur launatengd gjöld .....	65.460	53.760
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>890.923</u>	<u>713.297</u>

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í ársreikninginn:

Gjaldfært í rekstrarreikningi .....	500.258	267.160
Eignfært á framkvæmdir .....	390.664	446.136
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>890.923</u>	<u>713.297</u>

Starfsmannafjöldi:

Fjöldi ársverka .....	47,1	43,8
-----------------------	------	------

Laun stjórnenda:

Laun og mótframlag í lífeyrissjóð til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu námu 41,8 milljónum (2022: 47,8 milljónir kr.). Að auki eru gjaldfærð laun, mótframlag í lífeyrissjóð og orlof vegna starfsloka framkvæmdastjóra 29,4 milljónir kr.

## 5. Þóknun endurskoðanda

	2023	2022
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar ársuppgjóra .....	2.835	3.969
Samtals þóknun endurskoðanda .....	<u>2.835</u>	<u>3.969</u>

## 6. Tekjuskattur

	2023	2022
<b>Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:</b>		
Breyting á frestuðum tekjuskatti .....	( 142.525)	( 21.747)
Gjaldfærður tekjuskattur .....	<u>( 142.525)</u>	<u>( 21.747)</u>

**Virkt skatthlutfall greinist þannig:**

	2023	2022
Tap ársins fyrir tekjuskatt .....	( 712.648)	( 108.755)
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	20,0% ( 142.530)	20,0% ( 21.751)
Aðrir liðir .....	( 0,0%) 4	( 0,0%) 4
Virkur tekjuskattur .....	<u>20,0% ( 142.526)</u>	<u>20,0% ( 21.747)</u>

# Skýringar

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2023	2022
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur .....	28.304	22.919
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur .....	( 1.051.098)	( 871.786)
Áfallnar verðbætur .....	( 757.327)	( 555.399)
Vaxtagjöld samtals .....	( 1.808.425)	( 1.427.185)
Gengismunur .....	( 869)	( 4.742)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 1.780.990)	( 1.409.008)

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Ljósleiðarakerfi	31.12.2023	31.12.2022
<b>Heildarverð</b>		
Staða í ársbyrjun .....	45.381.949	38.895.885
Viðbætur á tímabilinu .....	2.758.391	2.680.841
Endurmat .....	0	3.805.223
Staða í árslok .....	48.140.340	45.381.949
<b>Afskriftir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	13.549.363	11.144.108
Afskrifað á tímabilinu .....	1.540.904	1.358.645
Endurmat .....	0	1.046.610
Staða í árslok .....	15.090.266	13.549.363
<b>Bókfært verð</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	31.832.586	27.751.777
Bókfært verð í árslok .....	33.050.074	31.832.586
<b>Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok</b>		
Endurmetið bókfært verð .....	33.050.074	31.832.586
Þar af áhrif endurmats .....	6.823.076	7.102.813
Bókfært verð án endurmats .....	26.226.997	24.729.773

### Brunabótamat

Í árslok 2023 nam fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati á 29,7 milljón kr. og brunabótamat þeirra nam 30.8 milljónum kr. Vátryggingaverðmæti eigna félagsins nam 39.493 milljónir kr. í árslok 2023 (2022: 26.669 milljónir kr.).



# Skýringar

## 9. Óefnislegar eignir

	31.12.2023	
	Viðskipta sambönd	Hugbúnaður
<b>Heildarverð</b>		
Staða í ársbyrjun .....	0	0
Viðbætur á árinu .....	1.908.000	651.000
Staða í árslok .....	1.908.000	651.000
<b>Afskriftir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	0	0
Afskrifað á árinu .....	37.847	13.563
Staða í árslok .....	37.847	13.563
<b>Bókfært verð</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	0	0
Bókfært verð í árslok .....	1.870.153	637.438

## 10. Fjárfesting í stofnneti Sýnar

Á árinu keypti Ljósleiðarinn eignir tengdar stofnneti Sýnar samhliða undirritunnar þjónustusamnings. Heildar kaupverð nam 2.869 m.kr. Samkvæmt alþjóðlegum reikningssskilastöðlum IFRS 3, var kaupverðinu útteilt á aðgreinanlegar eignir og skuldir. Bráðabyrgða útteiling hefur verið framkvæmd en ef fram koma nýjar upplýsingar um stöðu eigna á yfirtökudegi innan við ári frá yfirtökudegi þá gætu niðurstöður kaupverðsútteilingarinnar breyst.

Áhrif yfirtöku á rekstraeiningum greinist þannig:	31.12.2023
Rekstrarfjármunir .....	310.456
Viðskiptasambönd .....	1.907.334
IP tölur .....	651.245
Hreinar aðgreinanlegar eignir alls .....	2.869.035
Greitt við afhendingu .....	1.000.000
Ógreitt kaupverð .....	1.869.035
Kaupverð alls .....	2.869.035

Kaupverðið greiðist í hlutum í samræmi við skilyrði og skilmála kaupsamnings en þó að fullu eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku kaupsamnings. Heildar greiðslur til Sýnar munu nema 3.000 m.kr. en núvirði kaupverðs við afhendingu hins selda nam 2.869 m.kr.

Gangvirði yfirtekinna eigna er reiknað með eftirfarandi aðferðum:

### Fastafjármunir

Samkvæmt gangvirðismati á yfirtökudeginum 4. október 2023 þá er gangvirði fastafjármuna stofnnets Sýnar 310 m.kr. Fastafjármunirnir eru búnaður vegna stofnnets sem skiptist í búnað og hýsingarstaði. Við mat á virði keypts búnaðar og hýsingarstaða var stuðst við kostnaðarnálgun.

### Viðskiptasambönd

Viðskiptasamböndin sem metin voru skiptast í samninga um heimilistengingar, fyrirtækjatengingar og stofnnet. Samkvæmt gangvirðismati á yfirtökudegi þá er gangvirði heimilistenginga 928 m.kr., fyrirtækjatenginga 61 m.kr. og stofnnet 918 m.kr. Gangvirðismat á öllum viðskiptasamböndum var því 1.907 m.kr. Viðskiptasamböndin voru metin með umfram hagnaðar aðferð (e, Excess earnings method).

### IP tölur

Samkvæmt gangvirðismati á yfirtökudegi þá er gangvirði IP talna 651 m.kr. Við mat á virði keyptrar IP talna var stuðst við markaðsnálgun.

# Skýringar

## 11. Leigueignir og leiguskuldir

Sjá lýsingu á reikningsskilaaðferðum í skýringu 21j.

Félagið leigir fasteignir og lóðir. Þessir leigusamningar eru til mis langs tíma en yfirleitt með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Sumir leigusamningar innifela viðbótar leigugreiðslur sem eru byggðar á breytingu á tilteknum vísitölum. Félaginu er óheimilt að gera samninga um framleigu vegna ákveðinna leigusamninga.

Félagið kýs að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna skammtímaleigusamninga og vegna leigusamninga um eignir með lágt verðgildi. Félagið gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

Leigueignir greinast þannig:

	2023	2022
<b>Leigueignir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	630.269	636.101
Viðbætur vegna nýrra eða framlengdra samninga á árinu .....	145.253	12.237
Verðbætur af leigueign .....	62.631	36.593
Afskriftir ársins .....	( 67.352)	( 54.662)
Staða í árslok .....	770.800	630.269

Fjárhæðir færðar í rekstrarreikning:

Afskriftir leigueigna .....	67.352	54.662
-----------------------------	--------	--------

Leiguskuldir greinast þannig:

	2023	2022
<b>Leiguskuldir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	672.019	668.654
Hækkun vegna nýrra eða framlengdra samninga á árinu .....	145.253	12.614
Vaxtagjöld .....	33.207	27.319
Greiddar leiguskuldir á árinu .....	( 87.752)	( 72.785)
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna .....	62.631	36.218
Staða í árslok .....	825.358	672.019

Fjárhæðir færðar í efnahagsreikning:

	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Leiguskuld skammtíma .....	112.387	79.112
Leiguskuld langtíma .....	712.971	592.908
	825.358	672.019

Ónúvirt greiðslufæði leiguskulda greinist þannig:

	Innan árs	Eftir 1 til 5 ár	Eftir 5 ár	Samtals
Leigugreiðslur .....	112.387	423.440	644.455	1.180.282
Vaxtagreiðslur .....	( 42.451)	( 133.471)	( 179.003)	( 354.925)
Samtals .....	69.936	289.969	465.452	825.358

Fjárhæðir færðar í rekstrarreikning:

	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Vaxtagjöld af leiguskuldum .....	33.207	27.319

Fjárhæðir færðar í sjóðstreymi vegna leigugreiðslna:

Vaxtaþáttur (settur fram í sjóðstreymisyfirliti í línu "Greiddir vextir") .....	31.517	26.870
Afborgunarþáttur (settur fram í sjóðstreymisyfirliti í línu "Afborganir leiguskulda") .....	56.235	45.915

Flestir leigusamningar félagsins um fasteignir fela í sér framlengingarheimildir sem félaginu er heimilt að nýta allt að einu ári fyrir lok úppsegjanlegs leigutímabils. Félagið leggur mat á það við upphaf leigusamnings hvort það sé talið nokkuð líklegt að það muni nýta heimildir til framlenginga. Ef verulegar breytingar verða á aðstæðum sem eru á valdi félagsins, mun það endurmeta hvort framlengingarheimildir verði nýttar.

# Skýringar

## 12. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur greinast þannig í árslok:	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur .....	669.362	447.029
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	( 20.900)	( 20.400)
	<u>648.462</u>	<u>426.629</u>
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:		
Kröfur á tengda aðila .....	0	368.290
Fjármagnstekjuskattur .....	656	2.312
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	153.994	87.574
Aðrar kröfur .....	304	183
	<u>154.953</u>	<u>458.359</u>

## 13. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Félagið á ekki kröfu á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í árslok 2023. (31.12.2022: 368 milljónir kr.)

## 14. Eigið fé

### Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess var 6.500 millj. kr. í árslok 2023 og er að fullu greitt. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

### Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

### Varasjóður

Lögbundinn varasjóður er stofnaður í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 sem kveða á um að minnst 10% af hagnaði félagsins, sem er ekki ráðstafað til lækkunar á tapi fyrri ára eða lagt í aðra sjóði í samræmi við lög, skuli leggja í varasjóð þar til virði sjóðsins nemur 10% af hlutfé í félaginu. Þegar þeim mörkum hefur verið náð skal framlag í varasjóð vera minnst 5% þar til virði hans nemur fjórðungi af hlutfé í félaginu.

### Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé samanstendur af uppsöfnuðum óráðstöfuðum hagnaði félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og í bundið óráðstafaða eigið fé.

## 15. Vaxtaberandi skuldir

Upplýsingar um lántökur félagsins sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Langtímaskuldir</b>		
Vaxtaberandi skuldir frá lánastofnunum í ISK .....	10.244.927	8.463.374
Skuldabréfaútgáfa .....	8.717.560	8.177.551
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda .....	( 996.934)	( 636.920)
Langtímahluti vaxtaberandi skulda .....	<u>17.965.554</u>	<u>16.004.005</u>

# Skýringar

## 15. Vaxtaberandi skuldir, frh.

### Skammtímaskuldir

Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda .....	996.934	636.920
	<u>996.934</u>	<u>636.920</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	18.962.488	16.640.925

Skilmálar vaxtaberandi skulda:

	31.12.2023		31.12.2022	
	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir .....	2,76%	15.285.310	1,64%	8.425.285
Óverðtryggðar skuldir .....	11,51%	3.677.178	8,60%	8.215.640
		<u>18.962.488</u>		<u>16.640.925</u>

Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2023.....	-	636.920
Árið 2024.....	996.934	641.880
Árið 2025.....	1.665.084	5.522.126
Árið 2026.....	2.235.978	1.880.110
Árið 2027.....	897.186	540.898
Árið 2028.....	5.812.463	-
Síðar.....	7.354.843	7.418.990
	<u>18.962.488</u>	<u>16.640.925</u>

### Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 16.081 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka (31.12.2022: 13.475 milljónir kr.). Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli. Í lok árs 2023 stóðst félagið öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

	2023	2022
<b>Hreyfingar með greiðsluáhrif</b>		
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar.....	16.640.925	15.484.991
Ný lántaka.....	6.711.178	2.519.263
Afborganir.....	( 5.208.867)	( 2.078.469)
	<u>18.143.237</u>	<u>15.925.786</u>
<b>Hreyfingar án greiðsluáhrifa</b>		
Verðbætur.....	819.252	715.139
Vaxtaberandi skuldir 31. desember .....	<u>18.962.488</u>	<u>16.640.925</u>

# Skýringar

## 16. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2023	31.12.2022
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	1.838.073	1.308.097
Áhrif af sérstöku endurmati fastafjármuna .....	0	551.723
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 142.525)	( 21.747)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>1.695.547</u>	<u>1.838.073</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2023	31.12.2022
Leigugeign .....	10.911	8.350
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 1.909.576)	( 1.864.576)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	4.180	4.080
Frestaður gengismunur .....	432	811
Yfirfæranlegt tap .....	198.505	13.262
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>( 1.695.547)</u>	<u>( 1.838.073)</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndaðist fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Ójafnað skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársins 2032 .....	66.310	104.400
Ójafnað skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársins 2033 .....	926.214	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok .....	<u>992.524</u>	<u>104.400</u>

## 17. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig í árslok:	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptaskuldir:		
Innlendar viðskiptaskuldir .....	<u>360.321</u>	<u>316.115</u>
Aðrar skammtímaskuldir:		
Skuldir við tengd félög .....	110.405	65.324
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	125.806	110.557
Ógreidd laun og launatengdir liðir .....	219.139	150.424
Ógreiddir áfallnir vextir .....	65.176	63.467
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	45.074	53.663
Ógreidd opinber gjöld .....	0	3.845
Ógreiddar aðrar skuldir .....	1.900.294	0
	<u>2.465.896</u>	<u>447.280</u>



# Skýringar

---

## 18. Áhættustjórnun og fjármálagerningar

### a. Yfirlit

Meginmarkmið áhættustefnu er að tryggja að Ljósleiðarinn geti sinnt grunnhlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta með ásættanlegri áhættu. Þetta gerir Ljósleiðarinn með því að:

- draga úr sveiflum í afkomu félagsins á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum og að áhættuþættir séu ávallt innan skilgreindra marka sem stjórnin setur og er skráð í áhættuhandbók.
- tryggja að Ljósleiðarinn hafi nægt fé til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi
- greina, meta og stýra áhættum í rekstri með hliðsjón af starfsemi, stefnum Ljósleiðarans og skilgreindum mörkum.

Áhættuvilji miðast við að

- fjárhagsleg staða Ljósleiðarans sé traust
- eignir vel varðveittar
- staðinn sé vörður um orðspor
- starfað í samræmi við lög og ytri sem innri reglur
- sviksemi sé ekki liðin
- öryggi og heilsa starfsmanna og notenda þjónustunnar sé tryggt
- ábyrga nýtingu auðlinda
- upplýsingar öruggar, aðgengilegar og tiltækar og
- umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í starfseminni

Áhættuvilji er skilgreindur enn frekar í sértækum stefnum og reglum Ljósleiðarans.

Áhættur greinast í:

- Markaðsáhættu, sem fjallað er um í skýringu 17b
- Vaxtaáhættu, sem fjallað er um í skýringu 17c
- Lausafjáraáhættu, sem fjallað er um í skýringu 17d
- Mótaðilaáhættu, sem fjallað er um í skýringu 17e
- Rekstraráhættu, sem fjallað er um í skýringu 17g
- Verkefna- og fjárfestingaráhættu, sem fjallað er um í skýringu 17h

### b. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og annarra verðbreytinga hafi áhrif á afkomu eða virði fjármálagerninga. Markaðsáhættu Ljósleiðarans er einkum rakin til breytinga á vöxtum og verðlagi en áhætta vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla, markaðsverðbréfa er minni.

# Skýringar

## 18. Áhættustýring, frh.

### c. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta, er áhættan á því að breytingar í vöxtum hafi neikvæð áhrif á afkomu Ljósleiðarans. Ljósleiðarinn býr við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtaberandi skuldir bera bæði fasta verðtryggða vexti og breytilega óverðtryggða vexti. Á árinu 2024 eru 82% af gjalddögum vaxtaberandi skulda (2023: 55%), að teknu tilliti til áhættuvarnasamninga, með fasta vexti.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir Ljósleiðarans greinast þannig:

Fjármálagerningar með fasta vexti	31.12.2023	31.12.2022
Fjárskuldir .....	15.223.116	8.463.374
	<u>15.223.116</u>	<u>8.463.374</u>
<b>Fjármálagerningar með breytilega vexti</b>		
Fjárskuldir .....	3.739.372	8.215.640
	<u>3.739.372</u>	<u>8.215.640</u>

Hækkun á vöxtum um 100 punkta til eins árs myndi lækka afkomu og eigið fé um 33.568 þús. kr. fyrir tekjuskatt (2022: 74.996 þús. kr.), lækkun á vöxtum um 100 punkta hefði haft áhrif í gagnstæða átt.

### d. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjármálagerninga, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

31.12.2023	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
<b>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</b>						
Vaxtaberandi skuldir .....	18.962.488	22.405.096	1.177.237	1.713.361	11.201.678	8.312.821
Leiguskuldbindingar .....	825.358	1.220.357	115.122	111.192	327.053	666.989
Viðskiptaskuldir .....	360.321	360.321	360.321	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir ..	2.465.896	2.340.090	2.340.090	0	0	0
	<u>22.614.062</u>	<u>26.325.863</u>	<u>3.992.769</u>	<u>1.824.553</u>	<u>11.528.731</u>	<u>8.979.810</u>
31.12.2022	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
<b>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</b>						
Vaxtaberandi skuldir .....	16.640.925	19.835.596	1.332.882	1.330.735	8.703.528	8.468.451
Leiguskuldbindingar .....	672.019	1.014.485	80.415	80.441	241.488	612.141
Viðskiptaskuldir .....	316.115	316.115	316.115	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir ..	447.280	336.724	336.724	0	0	0
	<u>18.076.340</u>	<u>21.502.920</u>	<u>2.066.136</u>	<u>1.411.176</u>	<u>8.945.016</u>	<u>9.080.592</u>

Komi til endurfjármögnunar langtímalána má gera ráð fyrir að dreifing greiðsluflæðis verði önnur en að ofan greinir.

# Skýringar

## 18. Áhættustýring, frh.

### e. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi Ljósleiðarans ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhætta félagsins gagnvart lánsáhættu er takmörkuð við fjárhagslegar eignir listaðar á efnahagsreikningi. Beitt er heimild í IFRS 15 til þess að líta framhjá fjármögnunarþætti krafna sem búist er við að innheimtist á innan við ári.

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem greinist þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur .....	648.462	426.629
Aðrar skammtímakröfur .....	154.953	90.069
Lausafé í ávöxtun .....	0	368.290
Handbært fé .....	56.252	41.167
Samtals .....	<u>859.668</u>	<u>926.156</u>

### Aldursgreining og niðurfærsla viðskiptakrafna

Árið 2023	Nafnverð	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur .....	563.127	3.829	559.298
Gjaldfallnar kröfur, 1 til 30 dagar .....	43.631	10.798	32.833
Gjaldfallnar kröfur, 31 til 90 dagar .....	60.213	4.101	56.112
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 91 dagur .....	2.391	2.172	219
Samtals .....	<u>669.362</u>	<u>20.900</u>	<u>648.462</u>

Árið 2022	Nafnverð	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur .....	397.517	2.642	394.875
Gjaldfallnar kröfur, 1 til 30 dagar .....	31.524	10	31.514
Gjaldfallnar kröfur, 31 til 90 dagar .....	290	75	215
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 91 dagur .....	17.698	17.673	25
Samtals .....	<u>447.029</u>	<u>20.400</u>	<u>426.629</u>

### Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna innan ársins greinist þannig:

	2023	2022
Staða 1.1. ....	20.400	23.200
Afskrifað á árinu .....	1.166	364
Bókfærð virðisrýrnun .....	( 666)	( 3.164)
Staða 31.12. ....	<u>20.900</u>	<u>20.400</u>

# Skýringar

---

## 18. Áhættustýring, frh.

### e. *Mótaólaáhætta, frh.*

Ljósleiðarinn færir niður viðskiptakröfur vegna áætlaðrar virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptakrafna er metin á hverjum uppgjörstigi af stjórnendum. Lagt er mat á innheimtanleika krafna, bæði almennt og sértækt vegna krafna sem komnar eru í talsverð vanskil. Við mat á almennri niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og almennu efnahagsástandi. Ekki er talin þörf á niðurfærslu annarra skammtímakrafna.

Þjónustusvið samstæðunnar sér um innheimtu viðskiptakrafna og sér að mestu um upplýsingagjöf til viðskiptavina vegna þeirra. Innheimta fer fram eftir vel skilgreindu ferli þar sem m.a. er gætt að samræmdu verklagi við úrlausn innheimtumála.

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi.

### f. *Gangvirði*

Það er mat stjórnenda að ekki sé verulegur munur á bókfærðu virði fjármálagerninga og gangvirði þeirra í reikningsskilunum.

### g. *Rekstraráhætta*

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættu á tjóni eða skaða sem getur orðið vegna ófullnægjandi innri ferla eða kerfa, bilunar í búnaði, háttsemi starfsfólks eða vegna ytri þátta í rekstrarumhverfi. Áhætturáð Ljósleiðarans vaktar áhættur, breytingar sem verða á þeim auk lykilmælikvarða er varða virkni áhættustjórnunar.

### h. *Verkefna- og fjárfestingaráhætta*

Áhættu- og arðsemismat er framkvæmt til samræmis við aðfangiferli fyrirtækisins. Miða skal við að væntur ábati eða vænt arðsemi uppfylli markmið arðsemistefnu og styðji við aðrar stefnur fyrirtækisins. Verkefni eru metin til samræmis við heildarstefnumörkun og miða við að væntur ábati eða vænt arðsemi uppfylli markmið arðsemistefnu og styðji við aðrar stefnur fyrirtækisins.

# Skýringar

## 19. Viðskipti við tengda aðila

### Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarfolk og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

### Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2023	2022
<b>Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:</b>		
Sala til Reykjavíkurborgar.....	37.628	36.623
Sala til félaga og stofnana undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	0	28
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	20.020	25.269
	<u>57.648</u>	<u>61.920</u>
<b>Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:</b>		
Kaup af Reykjavíkurborg.....	2.871	28.673
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	731.361	650.804
	<u>734.232</u>	<u>679.477</u>
Vaxtatekjur vegna kröfu á móðurfyrirtæki.....	25.328	12.462
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>Kröfur á tengd félög</b>		
Krafa á stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	3.871	3.800
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	0	368.290
<b>Skuldir við tengd félög</b>		
Skuld við stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	591	1.549
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	107.718	62.500
Skuld við systurfélag, Veitur ohf.....	1.640	1.327
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	1.047	1.497
	<u>110.405</u>	<u>65.324</u>

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

# Skýringar

---

## 20. Önnur mál

### Málaferli og kröfur

Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Fjarskiptastofu, Ljósleiðaranum ehf., Sýn hf. og Mílu ehf. vegna ákvörðunar Fjarskiptastofu frá 3. júlí 2018 um lögbrot Símans. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Fjarskiptastofu og Sýn hf. sem staðfesti efnislega niðurstöðu Fjarskiptastofu. Síminn óskaði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og var áfrýjunarleyfið samþykkt af Hæstarétti og hófst málsmeðferð fyrir Hæstarétti 3. maí 2023 sem vísaði málinu aftur til héraðs og ómerkti þar með fyrri dóma. Áætlað er að aðalmeðferð fari fram í málinu í upphafi árs 2024 og að niðurstaða héraðsdóms liggi þá mögulega fyrir á vordögum 2024. Í málinu fer Ljósleiðarinn fram á að ákvörðun Fjarskiptastofu frá 2018 verði staðfest þ.e. það verði viðurkennt að Síminn hafi brotið gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga með því að gera ólínulega myndmiðlun sjónvarpsefnis fjölmiðlaveitu Símans einungis mögulega með því að tengjast IPTV-kerfi Símans og jafnframt aðeins yfir fjarskiptanet Mílu hf., þá dótturfélags Símans.

Ekkert hefur verið fært vegna þessa í ársreiknings félagsins 31.12.2023.

### Rekstrarhæfi

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfsemi Ljósleiðarans ehf. á árinu 2023 eftir kaup félagsins á stofnneti Sýnar. Stjórnendur hafa lagt fram áætlanir og gera þær ráð fyrir vexti í starfseminni í náinni framtíð. Félagið uppfyllir alla lánaskilmála í lok ársins 2023 en það er ljóst að félagið þarf nýtt fjármagn inn til að styðja við þann vöxt sem áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir. Félagið vinnur að því að fá nýja hluthafa inn en ef sú vinna dregst á langinn mun móðurfélagið auka við hlut sinn í félaginu á markaðsvirði og tryggja þannig samfelldan rekstur.

# Skýringar

## 21. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

### a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi og miðar félagið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

### b. Fjármálagerningar

#### Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnstæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

#### Fjárskuldir

Ljósleiðarinn flokkar fjárskuldir sem fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Ljósleiðarinn afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Til fjárskulda Ljósleiðarans teljast: lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

### c. Tekjur

Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur ljósleiðarakerfis. Tekjur af ljósleiðarakerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Viðskiptakröfur hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Ljósleiðarakerfi er skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þess á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkanir vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

# Skýringar

## 21. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### i) Færsla og mat, frh.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi Ljósleiðarans um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra var ákvarðað af sérfræðingum Ljósleiðarans.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

#### ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Ljósleiðarakerfi ..... 9 - 46 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

#### iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 8 um varanlega rekstrarfjármuni.

### e. Óefnislegar eignir

#### i) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

#### Kostnaður sem fellur til síðar

#### ii) Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.



# Skýringar

## 21. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### e. Óefnislegar eignir, frh.

#### iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður .....	12 ár
Viðskiptasambönd .....	10-12 ár

### f. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

### g. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri tapsáhættu félagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### h. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar fyrirtækinu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvæxti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

### i. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skattlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2023.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skattlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

# Skýringar

## 21. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### j. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur félagið mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef samningurinn felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Við mat á því hvort í leigusamningi feli í sér yfirráð tiltekinnar eignar notar félagið skilgreiningu leigusamnings í IFRS 16.

### i) Félagið sem leigutaki

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar félagið endurgjaldinu á leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hluta fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur félagið hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Félagið færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði. Upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beinum kostnaði við öflun leigueignarinnar og áætlaðum kostnaði við að taka niður og fjarlægja eignina eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi og að frádregnum leiguilvilnunum sem félagið hefur fengið.

Leigueignin er í kjölfarið afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til félagsins í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að félagið muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar. Nýtingartíminn er ákvarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármunir félagsins. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisryrnun hennar ef einhver er og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð á núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tiltækir, en annars notar félagið þá vexti sem það fær á nýju lánsfé. Að jafnaði notar félagið vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Félagið ákvarðar vexti á nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar félagsins fela í sér eftirfarandi:

- Fastar greiðslur, þar með taldar leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar.
- Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi.
- Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðistryggingu.
- Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar félagið telur nokkuð víst að það muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef félagið er nokkuð viss um að það muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema félagið sé nokkuð viss um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef það er breyting á mati félagsins á fjárhæð sem það væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef félagið breytir mati sínu á því hvort það muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða ef það er breyting á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Þegar leiguskuldin er endurmetin með þessum hætti þá er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueignarinnar, eða leiðrétting færð í rekstrarreikning félagsins ef bókfært virði leigueignarinnar hefur verið fært niður í núll.

Leigueignir og leiguskuldir eru sérgreindar í efnahagsreikningi.

# Skýringar

---

## 21. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### j. Leigusamningar, frh.

#### i) Félagið sem leigutaki, frh.

*Skammtímaleigusamningar og leigusamningar um eignir með lágt verðgildi*

Félagið kýs að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um eignir að lágu virði og leigusamninga sem eru til skamms tíma. Félagið gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

#### ii) Félagið sem leigusali

Við upphaf eða breytingu á samningi sem inniheldur leigubátt skiptir félagið endurgjaldi samkvæmt samningnum niður á einstaka leigubætti samningsins á grundvelli hlutfallslegs sjálfstæðs verðs þeirra.

Þegar félagið er leigusali þá er ákvarðað við upphaf leigusamnings hvort um er að ræða fjármögnunarleigusamning eða rekstrarleigusamning.

Við flokkun leigusamnings leggur félagið heildstætt mat á það hvort leigusamningurinn flytji meginhluta áhættu og ávinnings sem tilheyrir eignarhaldi hinnar undirliggjandi eignar. Ef það er niðurstaðan þá er leigusamningurinn fjármögnunarleigusamningur en ef ekki þá er hann rekstrarleigusamningur. Ákveðnir þættir eru hluti af þessu mati eins og til dæmis hvort leigusamningurinn nær yfir meginhluta nýtingartíma eignarinnar.

Félagið færir leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga línulega yfir leigutímabilið og setur þær fram meðal annarra tekna í rekstrarreikningi.

## 22. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem félagið hefur ekki ennþá innleitt

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda um fjárhagsár sem byrja eftir 1. janúar 2023 en heimilt er að beita þeim fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrr en heimilt var við gerð þessara reikningsskila.

Ekki er búist við að eftirfarandi breytingar á stöðlum og túlkunum muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

- Breytingar á IAS 12 Tekjuskattur
- Breytingar á IAS 8 Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur
- Breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila
- Breytingar á IFRS 17 Vátryggingasamningar vegna IFRS 9
- IFRS 17 Vátryggingasamningar